

Tillaga til þingsályktunar

um aðgerðir til að auðvelda heimkomu námsmanna.

Flm.: Svandís Svavarsdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir,
Eva Dögg Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Jódís Skúladóttir,
Orri Páll Jóhannsson, Steinunn Þóra Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að skipa starfshóp sem fari kerfisbundið yfir þær hindranir sem standa í vegi fyrir heimkomu námsmanna erlendis og vinni tillögur að lausnum. Hópnun verði einnig falið að vinna tillögur að því hvernig auðvelda megi námsmönnum erlendis heimkomu að loknu námi. Samtök íslenskra stúdenta erlendis tilnefni fulltrúa í hópinn en einnig fjármála- og efnahagsráðherra, félags- og vinnu- markaðsráðherra og heilbrigðisráðherra. Hópurinn skili skýrslu með tillögum til ráðherra fyrir 1. maí 2025.

Greinargerð.

Um aldir hafa íslenskir námsmenn siglt utan, lært við erlenda háskóla, komið heim og miðlað nýrri þekkingu til landsins. Dæmi um nýja þekkingu sem hefur skilað sér með þeim til Íslands eru mýmörg, allt frá enskum ljáum og kartöflum fyrir 200 árum til nýjustu aðferða í erfðavísindum.

Um þessar mundir eru þúsundir íslenskra námsmanna víða um Evrópu og Ameríku í námi á hinum ýmsu sviðum, ekki síst á sviði heilbrigðisvísinda. Þessir námsmenn vilja margir hverjir koma heim að loknu námi en kerfið þvælist of oft fyrir þeim og gerir þeim erfðara að taka þá ákvörðun að koma heim.

Það er bæði réttlætismál en ekki síður þjóðhagslega mikilvægt að námsmenn erlendis eigi greiða leið heim aftur. Íslenskt samfélag þarf fleiri vinnandi hendur á næstu árum og mikilvægt er að ný þekking og ný tækni eigi greiða leið inn í samfélagið. Það er til mikils að vinna fyrir íslenskt samfélag að fá sem flesta íslenska námsmenn erlendis heim með þá mikilvægu þekkingu sem þeir hafa aflað sér.

Skipta má verkefni hópsins í tvo aðskilda þætti, annars vegar að losa um hindranir sem eru til staðar í kerfum, svo sem hjá Fæðingarorlofssjóði og í tengslum við sjúkratryggingar, og hins vegar að búa til hvata fyrir fólk að koma heim. Í þeim efnum mætti horfa til námslánakerfisins eða skattkerfisins til að skapa jákvæða hvata fyrir námsmenn að koma heim að loknu námi. Sérstaklega er þetta mikilvægt í tilfellum heilbrigðisstarfsfólks sem í miklum mæli sækir sérfræðinám erlendis.